

Borgarráð

Ráðstefna ECM í Reykjavík - þátttaka Reykjavíkurborgar

Lagt er til að borgarráð samþykki að veita 3 m.kr. fjárframlag vegna vorráðstefnu European Cities Marketing (ECM) sem haldin er í Reykjavík dagana 21. – 24. febrúar 2018.

Greinargerð

European Cities Marketing (ECM) heldur vorráðstefnu sína í Reykjavík dagana 21. - 24. febrúar nk. undir yfirskriftinni *Hack the City – How to Morph the DMO Business and Engage the City*. Ráðstefnan er haldin til að auka samkeppnishæfni og árangur evrópska borga í ferðaþjónustu. Á ráðstefnunni koma saman fulltrúar frá helstu markaðsskrifstofum Evrópu sem munu deila reynslu sinni og þekkingu á þeim áskorunum sem beinast að ferðaþjónustu í borgum. Aðilar að ECM eru frá 35 löndum í Evrópu og er markmið samtakanna að styðja við ferðaþjónustu og ferðamennsku. Gert er ráð fyrir að um og yfir 160 manns komi á vorkund samtakanna í Reykjavík. Fjárhæð þessi kemur af kostnaðarliðnum ófyrirséð, 09205, yfir á kostnaðarstað Höfuðborgarstofu, 07400.

Hjálögð er dagskrá ráðstefnunnar.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:
Dagskrá ECM í Reykjavík

